

## Binding koltvíoxíðs í berg hjá Orku náttúrunnar

Grafið sýnir markmið samstæðu OR um að koma í veg fyrir losun koltvíoxíðs með því að binda það í berg 2015 – 2030 og hvernig til hefur tekist. Markmiðið stóðst árið 2018. Orka Náttúrunnar hefur unnið markvisst að minni losun jarðhitagastegunda frá Hellisheiðarvirkjun. Hlutfallsleg niðurdæling koldíoxíðs var 33% árið 2018. Ef fram heldur sem horfir með árangurinn af bindingu koltvíoxíðs í berginu undir Hellisheiðarvirkjun þá er framhaldið að mestu í hendi OR. Við getum valið að auka bindingu í Hellisheiðarvirkjun með því að stækka lofthreinsistöðina þar eða byggja nýja. Sama á við um Nesjavelli með þeim fyrirvara þó að aðferðin hefur ekki verið prófuð á því svæði og því ekki að fullu tryggt að eins vel takist til og við Hellisheiðarvirkjun.

